

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningarsjóðs vestfirzkrar æsku, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 29. nóvember 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs vestfirzkrar æsku.

1. gr.

Sjóðurinn hetir Menningarsjóður vestfirzkrar æsku og er stofnaður af Sigríði Valdemarsdóttur til minningar um Elínu Hannibalsdóttur, Valdemar Jónsson og Matthildi Hannibalsdóttur.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja vestfirzk ungmenni til framhaldsnáms, sem þau ekki geta stundað í heimabyggð sinni. Að öðru jöfnu skulu eftirtaldir aðilar njóta forgangs um styrk úr sjóðnum:

- a. Ungmenni, sem misst hafa fyrirvinnu, föður eða móður og einstæðar mæður.
- b. Konur, meðan fullt launajafnrétti er ekki í raun
- c. Ef engar umsóknir eru frá Vestfjörðum, koma eftir sömu reglum Vestfirðingar búsettir annars staðar.
- d. Afkomendur Elínar Hannibalsdóttur og Valdemars Jónssonar og systkina þeirra gangi þó fyrir öðrum tilheyrandi hverjum lið fyrir sig.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra tilnefndir úr stjórn Vestfirðingafélagsins árlega. Þann þriðja tilnefna systkini stofnandans, Sigríðar Valdemarsdóttur, úr sínum hópi eða afkomendur eftir hennar dag, en fram til þess tíma mun hún annast sjóðinn.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja, en sjóðurinn skal vera í vörzlu Vestfirðingafélagsins og skulu reikningar hans endurskoðaðir með reikningum félagsins.

4. gr.

Með orðinu vestfirzk er átt við Ísafjarðarsýslur, Ísafjörð, Stranda- og Barðastrandasýslur eða félagssvæði Vestfirðingafélagsins allt.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera arður af hluta Sigríðar Valdemarsdóttur í húseigninni Njálsgötu 20, frá 4. ágúst 1966, en eftir dag stofnandans skal húseign þessi verða eign sjóðsins og honum til ráðstöfunar.

6. gr.

Úthlutanir úr sjóðnum skulu fara fram 4. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti 4. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti 4. ágúst 1967. Veita má árlega 5% af tekjum sjóðsins í styrki. Ekki skal afhenda veittan styrk fyrr en viðkomandi er innritaður í skóla og sendir vottorð þar um.

7. gr.

Meðmæli skulu fylgja umsóknum frá viðkomandi skólastjórn eða öðrum, sem þekkja umsækjendur, efni þeirra og aðstæður.

Reykjavík, 29. marz 1967.

Sigríður Valdemarsdóttir.